

65. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps , Végarði , 20.05 2014, kl. 13.30.

Mætt til aukafundar, Anna Jóna Árnarsdóttir, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Jóhann Fr. Þórhallsson og Lárus Heiðarson. Þorvarður Ingimarsson boðaði forföll og Anna Bryndís Tryggvadóttir 4. varamaður mætti klukkan 14:00.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Kjörskrá fyrir sveitarstjórnarkosningar 31. maí 2014

2. Fjallaskarð

Bréf Ferðaklúbbsins 4x4 Austurlandsdeildar, framkvæmda-og kostnaðaráætlun 2014-2016

3. Refaveiðar, áætlun sveitarfélaga 2014-2016

4. Tillaga að Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2030

Umsagnir á auglýsingatíma

5. Fjárbeiðnir

Félag Skógarbænda/Björn Ármann Ólafsson

6. Umhverfisstyrkir

a) Hallgrímur Þórhallsson og Anna Bryndís Tryggvadóttir, Brekku

b) Lárus Heiðarsson og Sigríður Björnsdóttir, Droplaugarstöðum

c) Jósef Valgarð Þorvaldsson og Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Víðivöllum fremri

7. Fundargerðir

a) Skólanefnd Hallormsstaðaskóla 08.05 2014

b) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 30.04 2014

c) Félagsmálanefnd 14.05 2014

d) Brunavarnir á Austurlandi 13.05 2014

e) Dvalarheimili aldraðra 29.04

8. Önnur mál

1. Kjörskrá fyrir sveitarstjórnarkosningar 31. maí 2014

Kjörskrá yfirfarin. Engar athugasemdir gerðar við hana. Á kjörskrá eru 64. Kjörskrá vegna sveitarstjórnarkosninganna liggur frammi á skrifstofu sveitarfélagsins, í Végarði frá 21. maí til kjördags 31. maí. Kjörfundur hefst í Végarði þann 31. maí kl 10:00. Kjörfundi lýkur eigi síðar en kl. 18:00 sama dag. Talning atkvæða hefst í Végarði þann 31. maí, kl 18:15. Oddviti undirritaði kjörskrána.

2. Fjallaskarð. Bréf Ferðaklúbbsins 4x4 Austurlandsdeildar, framkvæmda-og kostnaðaráætlun 2014-2016.

Varðandi áætlun fyrir 2014, þá samþykkir sveitarstjórn að ekki verði farið í framkvæmdir á A húsi á komandi sumri, en þær framkvæmdir verði í staðinn 2015. Efasemdir eru um þörfina á 3000 lítra olíutanki, 1000 m² þökulögn og girðingu því samhliða, nema um sé að ræða tímabundna girðingu. Annað sem fram kemur í áætlun, s.s lagfæringar á vatni, framkvæmdir við 12 volta raflýsingu, sólarcellur og hleðslustöð eru samþykktar og kostnaðarhlutur Fljótsdalshrepps vegna fyrirhugaðra framkvæmda 2014, á að rúmast innan fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins. Áætlun fyrir árin 2015 og 2016 verður tekin til frekari umfjöllunar og afgreiðslu á viðkomandi árum.

3. Refaveiðar, áætlun sveitarfélaga 2014-2016

Varðar bréf frá Umhverfisstofnun dags. 23. apríl, áætlanafarm sem stofnunin sendir sveitarfélögum vegna refaveiða. Ef sveitarfélag skilar ekki inn áætlun fyrir 23. maí verða engar endurgreiðslur vegna refaveiða frá ríkinu fyrir árið 2014. Oddvita falið að afla upplýsinga um hverslags tjón skal skrá og að því búnu senda inn áætlun.

4. Tillaga að Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2030

Tillaga að Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2030 var auglýst frá 27.03.2014-15.05.2014. Innan þess tímaramma bærust athugasemdir frá þremur aðilum og eru þær nokkuð samhljóða. Gerðar eru athugasemdir við málsmeðferð og framsetningu fyrirhugaðrar Kröflulínu 3 í aðalskipulagstillögunni.

Oddviti mun á næstunni eiga fund með skipulagsráðgjafa og Skipulagsstofnun, þar sem fara á yfir aðalskipulagstillöguna og athugasemdir sem borist hafa.

Að loknum þeim fundi fjallar sveitarstjórn um svör við athugasemdum og afgreiðslu skipulagstillögunnar til staðfestingar hjá Skipulagsstofnun, en senda þarf samþykkt aðalskipulag til Skipulagsstofnunar innan 12 vikna frá því frestur til að skila athugasemdum rann út.

Jóhann vék af fundi vegna vanhæfis

5. Fjárbæiðnir. Félag Skógarbænda vegna Skógardagsins Mikla.

Sveitarstjórn samþykkir að styrkja Skógardaginn um 100.000 kr.

6. Umhverfisstyrkir

Anna Bryndís vék af fundi vegna vanhæfis

a) Hallgrímur Þórhallsson og Anna Bryndís Tryggvadóttir, Brekku

Samþykktur hámarksstyrkur

Jóhann og Anna Bryndís komu aftur til fundar

Lárus vék af fundi vegna vanhæfis og Anna Bryndís tók við fundarritun

b) Lárus Heiðarsson og Sigríður Björnsdóttir, Droplaugarstöðum

Samþykktur hámarksstyrkur

Lárus kom aftur til fundar og Lárus tók við fundarritun

Gunnþórunn vék af fundi vegna vanhæfis og Jóhann tók við fundarstjórn

- c) Jósef Valgarð Þorvaldsson og Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Víðivöllum fremri

Samþykktur hámarksstyrkur. Bent er á að leggja erindi fyrir byggingarnefnd.

Gunnþórunn kom aftur til fundar og tók við fundarstjórn

7. Fundargerðir

- a) Skólanefnd Hallormsstaðaskóla 08.05 2014. Fundargerð kynnt.
- b) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 30.04 2014. Fundargerð kynnt.
- c) Félagsmálanefnd 14.05 2014. Fundargerð kynnt.
- d) Brunavarnir á Austurlandi 13.05 2014. Fundargerð kynnt.
- e) Dvalarheimili aldraðra 29.04. Fundargerð kynnt.

8. Önnur mál

Jóhann sagði frá að hann gæfi ekki kost á sér til áframhaldandi setu í sveitarstjórn næstu 4 árin og þakkaði fyrir samstarfið. Sveitarstjórn þakkar Jóhanni sömuleiðis fyrir samstarfið og hvert öðru.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:20.

Lárus og Anna Bryndís rituðu fundargerð í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Anna Bryndís Tryggvadóttir (sign)